



1. Álagning gjalda 2018.

Bæjarstjórn Akraness samþykkir að eftirfarandi forsendur verði lagðar til grundvallar álagningu útsvars, fasteignagjalda og lóðaleigu á árinu 2018.

- a. Álagt útsvar verði 14,52% vegna launa ársins 2018.
- b. Álagningarprósentur vegna fasteignaskatts breytast frá fyrra ári til lækkunar og verða eftirfarandi á árinu 2018:
 - i. 0,31% af álagningastofni íbúðarhúsa ásamt lóðarleiguréttindum erfðafestulanda og jarðeigna skv. a-lið 3. greinar laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga (álagningarprósentan lækkuð um 14,15% samanborið við árið 2017).
 - ii. 1,32 % af öllum fasteignum skv. b-lið 3. greinar laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga (álagningarprósentan óbreytt á milli ára).
 - iii. 1,62% af öllum öðrum fasteignum skv. c-lið 3. greinar laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga (álagningarprósentan lækkuð um 1,81% samanborið við árið 2017).
- c. Sorphreinsunargjald vegna íbúðarhúsnaðis verði óbreytt frá fyrra ári og verði kr. 18.786 fyrir hverja íbúð miðað við tvær sorptunnur (ein fyrir almennt sorp og önnur fyrir flokkað sorp). Sorpeyðingargjald vegna íbúðarhúsnaðis verði óbreytt frá fyrra ári og verði kr. 16.021 miðað við tvær tunnur (ein fyrir almennt sorp og önnur fyrir flokkað sorp).

Gjöldin verði innheimt með fasteignagjöldum.
- d. Lóðarleiga af nýjum lóðum og endurnýjuðum samningum verði lækkað og verði 1,30% af fasteignamatsverði atvinnulóða (álagningarprósentan lækkuð um 18,65%) og 0,40% af fasteignamatsverði íbúðarhúsalóða (álagningarprósentan lækkuð um 62,09%) og verði innheimt með fasteignagjöldum.

- e. Lóðarleiga af eldri lóðum (samningar dagsettir fyrir 1. janúar 2004) sem lögð er á hvern fermetra (m²) lóðar tekur viðmið af breytingum sem verða á byggingarvísitölu.
- f. Gjald dagar fasteignagjalda á árinu 2018 verði 15. janúar, 15. febrúar, 15. mars, 15. apríl, 15. maí, 15. júní, 15. júlí, 15. ágúst, 15. september og 15. október en eindagi gjaldanna verði 30 dögum síðar eða næsta virkan dag beri hann upp á helgidag.

Heildargjöld sem nema lægri fjárhæð en kr. 17.000 innheimtast með einum gjalddaga á ári, þann 15. apríl 2018.
- g. Veitt verði ívilnun á fasteignaskatti á árinu 2018, til elli- og örorkulífeyrisþega í samræmi við sérstakar reglur bæjarstjórnar um lækkun og niðurfellingu fasteignaskatts tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega.

2. Þjónustugjaldskrár 2018.

Bæjarstjórn samþykkir að þjónustugjaldskrár Akraness hækki 1. janúar ár hvert í samræmi við áætlaða hækkun vísitölu neysliverðs.

Bæjarstjórn Akraness samþykkir að almennar þjónustugjaldskrár hækki samkvæmt áætlaðri vísitöluhækkun neysliverðs, um 2,2% þann 1. janúar 2018 en heimilt er með sértækri ákvörðun að víkja frá hinni almennu reglu um tiltekna eða tilteknar gjaldskrár.

Bæjarstjórn samþykkir eftirfarandi gjaldskrár vegna ársins 2018:

- a. Gjaldskrá leikskóla
- b. Gjaldskrá vegna skólamáltíða
- c. Gjaldskrá frístundar
- d. Gjaldskrá frístundaklúbbs
- e. Gjaldskrá Gaman saman
- f. Gjaldskrá Tónlistarskóla Akraness
- g. Gjaldskrá íþróttamannvirkja

- h. Gjaldskrá vegna sorphirðu og sorpeyðingar á Akranesi
- i. Gjaldskrá Bókasafns Akraness
- j. Gjaldskrá Héraðsskjalasafn Akraness
- k. Gjaldskrá Ljósmyndasafns Akraness
- l. Gjaldskrá Byggðasafnsins í Görðum
- m. Gjaldskrá um hundahald á Akranesi
- n. Gjaldskrá Akranesvita
- o. Gjaldskrá um kattahald á Akranesi
- p. Gjaldskrá tjaldsvæðisins í Kalmansvík

3. Tómsfundastyrkur Akraness 2018.

Bæjarstjórn Akraness samþykkir hækkun á tómsfundarframlagi Akraness á árinu 2018 og að ráðstafa um 37 mkr. til þessa á árinu 2018.

4. Þjónusta dagforeldra – niðurgreiðslur vegna dvalar barna hjá dagforeldrum 2018.

Bæjarstjórn samþykkir hækkun á ofangreindum niðurgreiðslum á árinu 2018 og að ráðstafa um 45 mkr. til þessa á árinu 2018.

5. Innritun barna á leikskóla Akraness 2018.

Bæjarstjórn samþykkir aukningu í fjárveitingum að fjárhæð um 28 mkr. til leikskóla Akraness til að tryggja inntöku barna í samræmi við þau aldursviðmið sem sett hafa verið.

6. Langtímaveikindi starfsmanna 2018.

Bæjarstjórn Akraness samþykkir að ráðstafa um 34,0 mkr. í fjárhagsáætlun vegna langtímaveikinda starfsmanna. Stofnanir kaupstaðarins geta sótt um fjárveitingu til þess

sviðs sem stofnunin heyrir undir. Bæjarráð tekur endanlega ákvörðun um úthlutun fjármuna.

7. Búnaðar- og áhaldakaup 2018.

Bæjarstjórn Akraness samþykkir að ráðstafa um 10,4 mkr. vegna endurnýjunar tækja, áhalda og húsbúnaðar. Stofnanir kaupstaðarins geta sótt um fjárveitingu til þess sviðs sem stofnunin heyrir undir. Samkvæmt reglum bæjarráðs hefur bæjarstjóri heimild til afgreiðslu umsókna sem nema allt að kr. 500.000 en beiðnir um hærri fjárhæð fara til bæjarráðs til samþykktar.

8. Stöðugildi fagaðila á velferðar- og mannréttindasviði 2018.

Bæjarstjórn Akraness samþykkir að ráðstafa um 7,0 mkr. viðbótarframlagi til velferðar- og mannréttindasviðs vegna stöðugildis fagaðila í frekari liðveislu til að sinna heildstæðri þjónustu við fatlaða einstaklinga.

9. Stöðugildi hjá Fjöliðjunni – aukning á starfshlutfalli þroskaþjálfara 2018.

Bæjarstjórn Akraness samþykkir að ráðstafa viðbótarframlagi til Fjöliðjunnar vegna stöðugildis þroskaþjálfara í stað ófaglærðs starfsmanns.

10. Stöðugildi kerfisstjóra á stjórnsýslu- og fjármálasviði 2018.

Bæjarstjórn Akraness samþykkir að ráðstafa um 11 mkr. viðbótarframlagi til stjórnsýslu- og fjármálasviðs vegna stöðugildis kerfisstjóra hjá Akraneskaupstað.

11. Aukning á stöðugildi við Héraðsskjalasafn Akraness 2018.

Bæjarstjórn Akraness samþykkir að ráðstafa um 1,8 mkr. viðbótarframlagi til Héraðsskjalasafnsins vegna tímabundinnar 25% aukningar stöðugildis til að mæta kröfum nýrrar reglugerðar um héraðsskjalasöfn sem gert er ráð fyrir að öðlist gildi á árinu 2018.

12. Námsgögn (ritföng og stílabækur) án endurgjalds til nemenda í grunnskólum Akraness 2018.

Bæjarstjórn Akraness samþykkir að ráðstafa viðbótarfjármagni til grunnskóla Akraness að fjárhæð 4 mkr. til að mæta útgjöldum vegna kaupa á námsgögnum (ritföng og stílabækur) fyrir grunnskólanema á Akranesi árið 2018.

13. Styrkveiting til íþróttá- og tómstundamálafélaga vegna barna- og unglíngastarfs 2018

Bæjarstjórn Akraness samþykkir að ráðstafa 3,5 mkr. viðbótarframlagi til íþróttá- og tómstundafélaga á Akranesi vegna barna og unglíngastarfs sem er um 30% hækkun á framlaginu.

14. Framlag til Skógræktarfélagis Akraness 2018

Bæjarstjórn Akraness samþykkir að ráðstafa kr. 500.000 til Skógræktarfélagis vegna ýmissa verkefna á árinu 2018.

15. Stjórnmalasamtök á Akranesi 2018.

Bæjarstjórn Akraness samþykkir með vísan til 5. gr. laga nr. 162/2006 að ráðstafa 1,0 mkr. til starfsemi stjórnmalaflokka á Akranesi.

16. Lántaka vegna uppgjors lífeyrisskuldbindinga A-deildar Brúar lífeyrissjóðs og LSR/LH

Bæjarstjórn Akraness samþykkir lántöku að fjárhæð 371 mkr. vegna uppgjors lífeyrisskuldbindinga starfsmanna Akraneskaupstaðar í A-deild Brúar lífeyrissjóðs og Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins/Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga vegna breytinga á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 1/1997 og breytinga á lögum um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga.

Akranesi 8. desember 2017

Sævar Freyr Práinsson

Sævar Freyr Práinsson

bæjarstjóri